

26.3.2026



Bera hf.: Afkomutilkynning fyrir 1. mars 2025 til 28. febrúar 2026 samkvæmt stjórnendauppgjöri

Helstu niðurstöður stjórnendauppgjors fyrir fjórða ársfjórðung fjárhagsársins 2025 (Q4) eru:

- **Gæðabakstur og Kjarnavörur bættust við samstæðuna þann 1. desember og eru því hluti af rekstri samstæðunnar allan fjórða ársfjórðung fjárhagsársins.**
- **Vörusala samstæðunnar jókst um 17,8% miðað við sama tímabil á síðasta ári.**
- **EBITDA ársfjórðungsins var 1.166 millj. kr. samanborið við 1.169 millj. kr. árið áður.**
- **Hagnaður eftir skatta var 314 millj. kr. og lækkaði um 140 millj. kr.**

Helstu niðurstöður stjórnendauppgjors fjárhagsársins 2025 eru:

- **Vörusala samstæðunnar jókst um 7,3% miðað við sama tímabil á síðasta ári.**
- **EBITDA fjárhagsársins var 5.007 millj. kr. samanborið við 5.040 millj. kr. árið áður.**
- **Bein EBITDA áhrif af Iceland Spring voru neikvæð um 310 mkr. miðað við fyrra ár.**
- **Hagnaður eftir skatta var 2.140 millj. kr. samanborið við 2.433 millj. kr. árið áður.**
- **Afkomuspá stjórnenda samstæðu Beru fyrir fjárhagsárið 2026 gerir ráð fyrir 6.100-6.500 millj. kr. EBITDA.**

Rekstur Q4 2025 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur Q4 2025	Q4 2025	Q4 2024	Breyt.	% Breyt
Vörusala	12.295	10.437	1.858	18%
Áfengis- og skilagjald	2.781	2.628	153	6%
Vörunotkun	4.668	4.061	607	15%
Annar framleiðslukostnaður	317	203	115	57%
Framlegð	4.530	3.546	984	28%
Aðrar tekjur	8	33,5	-25,8	-77%
Laun og launatengd gjöld	2.071	1.380	692	50%
Sölu- og markaðskostnaður	435	347	87	25%
Annar kostnaður	865	684	181	26%
EBITDA	1.166	1.169	-3	0%
Afskriftir	373	302	71	23%
EBIT	793	867	-73	-8%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	395	160	235	147%
Hagnaður fyrir skatta	399	707	-308	-44%
Tekjuskattur	84	253	-169	-67%
Hagnaður eftir skatta	314	454	-140	-31%

Innkoma Kjarnavara og Gæðabaksturs í samstæðuna frá 1. desember 2025 skekkir samanburð milli ára á þessum ársfjórðungi. EBITDA þeirra félaga var 213 millj. kr. og kom á móti lakari afkomu á öðrum starfsþáttum, sérstaklega Iceland Spring.

Iceland Spring og átöppun því tengdu hafði 130 millj. kr. neikvæð áhrif á ársfjórðungnum. Tollasetning í Bandaríkjunum hafði mest áhrif á afkomuna á árinu.

Sala innanlands var í samræmi við áætlanir nema janúar sem nam ríflega 9% lægri framlegð en árið áður. Góður árangur náðist í sölu áfengra drykkja, en vöxtur í sölu óáfengra drykkja var minni. Árangur Danól var undir væntingum ársins en þetta ár lofar góðu og ný vörumerki hafa bæst við flóruna hjá Danól. Vænst er að nýtt vöruhús með hærra þjónustustigi muni skila sér í betri rekstri þegar líður á árið.

Fjármagnsliðir hækka milli ára. Lántaka vegna kaupanna á Gæðabakstri og Kjarnavörum skýra hækkunina ásamt því að afkoma Endurvinnslunnar, sem er hlutdeildarfélag, versnaði milli ára og hafði 69 millj. kr. neikvæð áhrif.

Efnahagur 28.02.2026 (millj. kr.)

Efnahagur	28/2/2026	28/2/2025	Breyt.	% Breyt
Eignir	44.044	33.184	10.861	33%
Eigið fé	18.418	16.375	2.043	12%
Eiginfjárlutfall	41,8%	49,3%	-7,5	
Vaxtaberandi skuldir og leigusk.	15.631	8.719	6.912	79%
Handbært fé	2.504	1.273	1.231	97%
Nettó vaxtaberandi skuldir og leigusk.	13.126	7.445	5.681	76%
EBITDA sl. 12 mán	5.007	5.040	-33	-1%
NIBD/EBITDA sl. 12 mán	2,62	1,48	1,14	

Nettó vaxtaberandi skuldir, að viðbætti húsaleiguskuldbindingu, voru 13.126 millj. kr. í lok fjárhagsársins sem er hækkun um 5.681 millj. kr. Hlutfall nettó vaxtaberandi skulda og EBITDA var 2,62 í lok fjárhagsársins. Þar sem áhrif Gæðabaksturs og Kjarnavara koma aðeins fram í einum ársfjórðungi í EBITDA sl. 12 mánuði er útreiknað skuldahlutfall hærra en ella.

Meðalvextir skulda samstæðunnar í íslenskum krónum voru 9,2% í lok fjárhagsársins.

Rekstur F2025 (millj. kr.)

Rekstrarreikningur 2025	2025	2024	Breyt.	% Breyt
Vörusala	49.040	45.724	3.316	7%
Áfengis- og skilagjald	12.439	11.744	696	6%
Vörunotkun	18.428	17.785	643	4%
Annar framleiðslukostnaður	1.083	890	193	22%
Framlegð	17.089	15.305	1.784	12%
Aðrar tekjur	36	60,9	-24,9	-41%
Laun og launatengd gjöld	6.400	5.270	1.130	21%
Sölu- og markaðskostnaður	2.841	2.579	261	10%
Annar kostnaður	2.877	2.476	401	16%
EBITDA	5.007	5.040	-33	-1%
Afskriftir	1.284	1.139	145	13%
EBIT	3.724	3.901	-178	-5%
Fjármagnsliðir og áhrif hlutdeildarféлага	1.052	761	291	38%
Hagnaður fyrir skatta	2.672	3.140	-468	-15%
Tekjuskattur	532	707	-174	-25%
Hagnaður eftir skatta	2.140	2.433	-294	-12%

Fyrir fjárhagsárið í heild var þróun mismunandi eftir félögum. Rekstur Iceland Spring var þungur og var EBITDA 350 millj. kr. undir áætlun ársins. Innlenda starfsemin gekk aftur á móti vel þar sem innkoma Gæðabaksturs og Kjarnavara vega þyngst. EBITDA Ölgerðarinnar og Danól hækkaði milli ára þar sem áframhaldandi vörunýjungar halda áfram að fá góðar viðtökur. Kaupin á Ankra ehf. á fjárhagsárinu skilaði einnig jákvæðum rekstraráhrifum.

Fjárfestingar

Vinna við stækkun vöruhúss félagsins við Köllunarklettsveg 6 kláraðist í mars og hófst starfsemi í nýjum hluta hússins um miðjan mánuðinn. Fjárfest var fyrir 835 millj. kr. í stækkuninni á árinu og mun síðasti hluti falla til á Q1 2026. Fjárfestingar í öðrum varanlegum rekstrarfjármunum námu 1.145 millj. kr. á árinu sem er heldur minna en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Helstu viðhaldsfjárfestingar á fjórðungnum voru endurnýjun á rannsóknastofu félagsins ásamt því sem bætt var í rafknúinn vörubílaflota félagsins.

Aðrar fréttir af starfseminni:

Kaupunum á Kjarnavörum og Gæðabakstri lauk á árinu. Greiðsla og afhending hlutabréfa hefur farið fram og miðast við 1. desember 2025. Rekstur félaganna varð hluti af samstæðu Ölgerðarinnar á tímabilinu 1. desember 2025 – 28. febrúar 2026 eða á öllum fjórða ársfjórðungi. Heildarvirði (EV) Gæðabaksturs í kaupunum var 3.454 millj. kr. og heildarvirði Kjarnavara (EV) var 3.970 millj. kr.

Skipulag á Collab útflutningi var breytt á árinu. Stjórnun hefur verið samþætt starfsemi Ölgerðarinnar til einföldunar og lækkunar á kostnaði. Sala er í gangi á þremur mörkuðum, Danmörku, Austurríki og Þýskalandi. Á þessu ári er áætlað að bæta við einum markaði. EBITDA áhrifin af markaðssetningu Collab vörunnar erlendis voru neikvæð um 369 mkr. á árinu og heildaráhrifin frá upphafi eru 688 mkr. Á yfirstandandi rekstrarári er fyrirhugað að sækja nýtt fjármagn í Collab útflutningsfélagið til áframhaldandi markaðsetningar. Viðtökur í Þýskalandi hafa ekki verið í samræmi við áætlanir en Danmörk og Austurríki ganga samkvæmt áætlunum.

Viðbygging við vöruhús að Köllunarklettsvegi 6 var tekin í notkun núna í mars. Stærsti hluti vara Danól er kominn í vöruhúsið og dreifing komin í gang. Byggingin gekk vel og samkvæmt áætlunum, bæði varðandi kostnað og tíma. Hærra þjónustustig verður nýtt til áframhaldandi sóknar á markaði. Talsverð hagræðing felst í því að taka allar vörur Danól undir eitt þak og endurspeglast það í afkomuspá stjórnenda.

Undirbúningur að vöruhúsa- og dreifingarmiðstöð á Hólmsheiði er í fullum gangi. Innri og ytri hönnun gengur vel. Endanlegt kostnaðarmat mun liggja fyrir þegar hönnun er lokið. Áætlað er að hefja starfsemi á Hólmsheiði í lok árs 2029.

Á árinu fékk Ölgerðin viðurkenningu sem besta íslenska vörumerkið á fyrirtækjamarkaði. Sex vörumerki voru tilnefnd en þann heiður fá vörumerki sem skara framúr þegar horft er til stefnumiðaðrar vörumerkjastýringar. Ferlið byggir á akademískri og faglegri nálgun vörumerkjastjórnunar með staðfærslu sem þungamiðju.

Vöruþróun var öflug á árinu. Á meðal nýjunga má nefna víngosdrykkinn P*rn sem náði 17% hlutdeild árið 2025 í ÁTVR þrátt fyrir að koma á markað í júní og Kristall+ með koffíni, D-vítamín og zink. Fjölmargar bragð nýjungar voru í Collab og Tuborg Lillejul vakti verðskuldaða athygli. Frumkvæðið og þróunin á honum var gerð af Ölgerðinni í samstarfi við Tuborg. Áframhaldandi vöruþróunar samstarf er fyrirhugað við þennan virta danska framleiðanda.

Breytingar á skipulagi samstæðu

Stjórn Ölgerðarinnar tók ákvörðun á fundi þann 18. desember 2025 að hefja undirbúning að breyttu skipulagi samstæðu Ölgerðarinnar. Þann 26. febrúar 2026 var haldinn hluthafafundur í Ölgerðinni þar sem samþykkt var að breyta nafni félagsins í Beru hf. Nafn Ölgerðarinnar var samhliða fært á nýtt félag sem heitir í dag Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. og mun sinna framleiðslu, innflutningi, sölu og markaðsetningu á drykkjarvörum.

Tilgangur breytinganna er að skýra markmið og tilgang einstaka rekstrareininga í samstæðu Beru. Samnýting þeirra þátta sem eru sameiginlegir milli félaga, s.s. innkaup, flutningar og önnur stoðþjónusta, þar sem hagkvæmi stærðarinnar gætir, verður skilvirkari í nýju skipulagi. Samhliða breytingunum verða jafnframt gripin ný tækifæri til umbóta með skýrara umboði, styttri boðleiðum og enn skilvirkari ákvarðanatöku.

Fasteignafélag samstæðunnar hefur tekið upp nýtt nafn, Mýrar fasteignafélag ehf. Fasteignafélagið heldur utan um fasteignirnar að Grjóthálsi 7-11 og Köllunarklettsvegi 6, samtals um 27 þús fm. Fasteignir Kjarnavara og Gæðabakstur eru enn í eigu félaganna sjálfra en það eru samtals um 8 þús fm. til viðbótar.

Eftir breytingarnar eru rekstrarfélögin, Kjarnavörur, Gæðabakstur, Collab ehf, Iceland Spring ehf, Danól, Mýrar fasteignafélag og Ölgerðin systurfélög og í eigu móðurfélagsins Beru sem jafnframt veitir félögunum stoðþjónustu.

Í Beru eru mannauðsmál, stafræn þróun, rekstur tölvukerfa, sjálfbærni, rekstur vöruhúsa, gæðamál, innkaup á aðföngum og þjónustu, auk þess sem móðurfélagið mun veita dótturfélögunum þjónustu á fjármálasviði. Þannig má segja að umsjón á allri stoðþjónustu verði sameiginleg og þar með hægt er að nýta betur stærðarhagkvæmni samstæðunnar.

„Innkoma Gæðabaksturs og Kjarnavara á fjórða ársfjórðungi var mjög sterk og undirstrikar mikilvægi þess að hafa margar sterkar stoðir undir rekstrinum. Nýtt skipulag samstæðunnar undir merkjum Beru mun styðja við stefnu félagsins og skapa betri forsendur til enn frekari vaxtar og skilvirkari reksturs. Það er félaginu mjög mikilvægt að Andri Þór Guðmundsson, forstjóri til 22 ára, muni áfram vinna að vexti og viðgangi Beru og nýta áfram sína dýrmætu reynslu og þekkingu í þágu félagsins. Þrátt fyrir óvissu í alþjóðlega umhverfinu og óheppilega verðbólgu- og vaxtaþróun á Íslandi eru spennandi tímar framundan og forsendur fyrir áframhaldandi traustum rekstri Beru.“ segir Jón Þorsteinn, forstjóri Beru.

Nánari upplýsingar veita:

Jón Þorsteinn Oddleifsson, forstjóri, í síma 820-6491

Óskar Ingi Magnússon, fjármálastjóri í síma 665-8181